

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 16. apríl 2020  
UST202004-114/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Stórhólmi í Flóahreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Flóahrepps er barst 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Stórhólma í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir íbúðarhúsi, reiðhöll og hesthúsi, þar sem samanlögð stærð þessara mannvirkja skal vera allt að 2500m<sup>2</sup>.

#### **Vistgerðir**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar runnamýrarvist á láglandi og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í língresis- og vingulsvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um vistgerðirnar á svæðinu í tillöggunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að raski verði haldið í lágmarki eins og kostur er og byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

**Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson

Axel Benediktsson